

51 að greiða hinn umbeðna styrk að öllu eða hálfu af þeim hlut umgetins gjaldliðs í fjár-
24. febr. lögunum, er yður er fenginn til umráða, ef það þætti rjettara.

Eptir að leitað hefir verið samkvæmt beiðni yðar, herra landshöfðingi, álits P.G. Thorsens prófessors, um málið, — og er álitsskjal hans látið fylgja brjefi þessu — lætur ráðgjafinn eigi undan falla að senda yður bænarskjalið aptur, með því að til yðar heyrir raunar, herra landshöfðingi, slíkri beiðni andsvör að veita, eptir því sem mál þetta er vaxið, og skal þess um leið getið, að lítist yður, herra landshöfðingi, tilefni til að veita bænina, en fje það, er yður er fengið til umráða, reynist eigi nægilegt til að standa straum af öllum kostnaðinum, er ráðgjafinn fús á að greiða helming styrksins eða fram undir það af sínum hlut í gjaldlið þeim, er hjer á við¹.

52 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lækku*
24. febr. *gjöldum eptir umboðsjarðir, er orðið hafa fyrir öskufalli.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað skýrslu frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæmi Íslands, um að hann hafi samkvæmt tillögum umboðsmanns Skriðuklausturs og Suðurmúlasýslujarða látið fram fara virðingargjörð, til að ákveða þá lækku á landskuldum af jörðum tjeðra umboða, er ætti að reyna að fá samþykktu, vegna rýrnunar þeirrar á jörðunum, sem leitt hafði af öskufallinu, og að þar eptir hafi samkvæmt virðingargjörðinni er hafi farið fram á, að eptirgjöldin væru ferð niður um 1099 álnir og 3 kr., verið leyft af amtinu, að gjöldin fyrir 1875 yrðu heimtuð samkvæmt þessu. Hafið þjer í þóknanlegu brjefi frá 22. nóvbr. f. á. lagt það til, að ráðgjafinn leggi samþykki á svo vaxna landskuldartöku af tjeðum jörðum, samkvæmt áminnztri virðingargjörð, og að veitt verði samkvæmt meðmælum amtmanns umboðsmanni yfir tjeðum umboðum, Páli Ólafssyni, 100 kr. þóknun fyrir ferðakostnað við nefnda virðingargjörð.

Út af þessu skal eigi undanfelld að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeigandi reikningsendurskoðara, og til annarar ráðstafanar, að ráðgjafinn fellst eptir atvikum á tjeða ráðstöfun, og leyfir, að greiddar verði úr umboðssjóði 100 kr. til endurgjalds kostnaði umboðsmanns út af þessu.

53 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.*
24. febr. — Þjer hafið sent hingað, herra landshöfðingi, erindi hjeraðslæknisins í 15. læknishjæraði, Zeuthens, þar sem hann biður um 17—1800kr. lán úr hinum íslenzka læknasjóði, gegn veði í húsi, er hann hafi byggt á Eskifirði og metið hafi verið af 2 smiðum 4000 kr. virði, hafi hann keypt brunabóta ábyrgð á húsinu að upphæð 3000 kr., og ætli hann að hækka hana uppí 4000 kr. —, og gegn því að hann endurborgi lánið með 400kr. árlega, er verði haldið eptir af launum hans. Hafið þjer í þóknanlegu brjefi 25. oktbr. f. á. mælt fram með, að þetta verði veitt þannig, að lánið nemi helmingi virðingarverðs þess, er lagt verði á húsið með lögmætri virðingargjörð; en fari þó eigi fram úr 1700 kr., að húsinu verði haldið í brunabóta-ábyrgð, er nemi eigi minna en 3000kr., þangað til lánið verði endur-

1) 26. marz veitti landshöfðingi sira Þorvaldi 1000 kr. styrk, þannig að 200 kr. verði honum greiddar, þegar hann er búinn að taka sjer far hjeðan til Kaupmannahafnar, til þess að sjá sjálfur um prentunina, en það sem eptir er, verði honum borgað smámsaman, meðan hann dvelur í Kaupmannahöfn og jafnóðum og bókin er prentuð.

göldið, og að haldið verði eftir af launum beiðandans frá 1. júlí þ. á. 40 kr. á mánuði til lúknings ársvöxtum, 4 af hundraði, og upp í höfuðstólinn. **53**
24. febr.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn leyfir, að hið umbeðna lán verði veitt hjeraðslækni Zeuthen úr viðlagasjóði landsins, með þeim skilyrðum, er þjer tiltakið, þannig, að byrjað verði fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að lánið er fengið honum, að halda eftir 40 kr. á mánuði; og eruð þjer beðnir að senda þóknanlega vísbendingu um þetta.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um peningabreytinguna.* — Eftir að fjárhagsstjórn ríkisins hafði verið sent þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi frá 27. október f. á., hefir ráðgjafinn fengið vísbendingu frá nefndri stjórn um, að hún sje fyrir það sem frá sje skýrt í brjefi yðar, fús á að veita viðtöku í aðalfjárhirzlu ríkisins hinum eldri peningum þeim, er getur um í tilsk. frá 17. marz f. á., er sendir yrðu hingað úr jarðabókarsjóði Íslands eigi síðar en með síðustu ferð póstgufuskipisins frá Íslandi á þessu ári, í skiptum fyrir nýja peninga. **54**
26. febr.

Þetta lætur ráðgjafinn eigi undan falla að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um flutning á vörum,* er bruna- eða átuhætta er að. — Eftir að því hafði verið skotið til innanríkisstjórnarinnar, út af beiðni frá Bentzon lyfsala, hvort henni virtist eigi tilefni til að láta búa til í póstgufuskipunum Arktúrus og Diönu hölf svo vaxin, sem haft er í skilyrði í 11. gr. í augl. dómsmálastjórnar 28. júní 1875¹ til þess að senda megí með skipum þessum efni, sem átu- og brunahætta er að, hefir innanríkisstjórnin skýrt frá, að það þyki ótiltækilegt að búa til sjerstök hölf í skipum þessum til áminnztra nota. **55**
27. febr.

Þetta hefir ráðgjafinn ekki viljað láta undan falla að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hinum íslenzku lyfsölum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um leigumálann* að brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu. — Það er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að lagt hefir verið samþykki á, að leigumáli sá, er gjörður var með samningi frá 13. apríl 1872¹ við Alfred G. Lock frá Lundúnum á brennisteinsnámum landsjóðsins í Þingeyjarsýslu, hefir verið seldur ensku fjelagi »The North of Iceland Sulphur Company» í Lundúnum. **56**
27. febr.

1) Auglýsing þessi og lög þau fyrir Danmörk frá 24. marz 1875, er hún styðst við, eru prentuð í hinum dönsku lagatíðindum 1875 Nr. 22 og Nr. 74. Í hinni tilvitnuðu grein er alveg bannað að flytja sumar vörur í skipum, sem ætluð eru farþegum; en um aðrar vörur svo sem púður, brennisteinssýru, saltþjetursýru, steinolíu, terpentín og kamfin eru settar ýmsar varúðarreglur einkum um sjerstök vatnsþjett hölf handa slíkum vörum.

2) Sjá „Tíðindi um stjórnarmálefni“ III. bls. 459—463.